



ÍÞRÓTTABANDALAG
REYKJAVÍKUR

Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkurborgar

Reykjavík 10. júní 2020

Efni: Samstarfssamningur Reykjavíkurborgar og íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík.

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) hefur fjallað um svör Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar við erindi Önnu Sifjar Jónsdóttur um mögulegt brot á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og þar með mögulegt brot á samstarfssamningi Reykjavíkurborgar og íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík.

Stjórn ÍBR er þeirrar skoðunar að stjórn Handknattleiksdeildar Íþróttafélags Reykjavíkur (ÍR) hefði getað staðið betur að málum varðandi meistaraflokksliðs félagsins í kvennaflokki þegar tilkynnt var um að starf kvennaliðs yrði lagt niður en karlaliðið yrði áfram starfrækt. Handknattleiksdeildin hefði átt að bera undir aðalstjórn vandamál við rekstur afreksflokka sinna (18 ára og eldri) og ræða mögulegar leiðir til lausnar.

Fulltrúar ÍBR hafa rætt við fulltrúa Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um að yfirfara verkferla varðandi jafnréttismál og að áhersla verði lögð á leiðbeiningar fyrir félög sem eru í þeirri stöðu að geta mögulega ekki haldið úti starfi hjá báðum kynjum. Þegar er hafin vinna við það.

Stjórn ÍBR gerir hinsvegar athugasemd við túlkun Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu að ef ÍR hefði lagt niður meistaraflokk kvenna í handbolta væri hefði það verið brot á samstarfssamningi Reykjavíkurborgar, ÍBR og íþróttafélaganna í borginni.

Ekkert ákvæði er um það í samningnum að félag eigi að halda úti afreksflokkum yfirleitt. Stjórn ÍBR lítur svo á að stuðningur borgarinnar við starf íþróttafélaganna snúi fyrst og fremst að starfi fyrir börn og unglinga. Borgin leggur til stuðning vegna íþróttafulltrúa og þjónustu skrifstofu hverfafélaga auk stuðnings vegna mannvirkja. Hvað varðar afreksíþróttastarf þá leggur borgin til mannvirki eða styrk til leigu eða reksturs aðstöðu. Borgin styrkir ekki rekstur afreksflokka. Skylda íþróttafélaganna skv. þjónustusamningi ÍBR og Reykjavíkurborgar lýtur að því að gefa öllum tækifæri eins og kostur er til að

stunda íþróttir í þeirri aðstöðu sem félögin hafa aðgang að. Þetta reynist misauðvelt þar sem íþróttagreinar eru misvinsælar meðal kynja og milli hverfa svo dæmi séu tekin auk þess sem ekki gengur alltaf jafn vel að afla styrkja til að reka starfið. Að auki verður tæplega gerð sú krafa að félag haldi úti starfi sem ekki stendur undir sér.

Almennt séð telur ÍBR að skyldur félaganna til að bjóða upp á íþróttastarf fyrir bæði kyn séu meiri gagnvart börnum og unglíngum en gagnvart fullorðnum. Engu að síður ber að líta á að rekstrarkostnaður vegna starfsemi íþróttadeilda félaganna er greiddur með sjálfsaflafé. Hér er átt við laun þjálfara og leikmanna þar sem það á við, búnaður, keppnisgjöld o.fl. Það liggur í augum uppi að ef ekki fæst nægt fé til að reka starfið þannig að það standi undir sér (styrkir, þátttökugjöld, tekjur af áhorfi) þá verður að skera niður. Borgin styrkir ekki tap af rekstri íþróttafélaga.

ÍBR telur við fyrstu athugun að þessi túlkun á samningnum gangi of langt og óskar eftir endurskoðun á þeirri túlkun.

Með kveðju,

f.h. stjórnar ÍBR



Frímenn Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri

Afrit:

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar